



Reykjavík 12. febrúar 2019

Efni: Bíllausi dagurinn 22. september 2019

## Opinn dagur á Höfuðborgarsvæðinu

Á Bíllausa deginum í Evrópsku samgönguvíkunni 22. september 2019 býður Hjólaþæfni á Íslandi sveitarfélögunum á Höfuðborgarsvæðinu að koma samræmdri vinnu og aðgerðum til að opna bíllaus svæði fyrir sína íbúa. Þetta vinnum við í samvinnu við fyrirtæki og félagasamtök, til að skapa upplifun sem snýst um öryggi og vellíðan allra. Opnunin er hugsuð **á völdum svæðum** þar sem fólk vill vera frá kl. 9 – 17. Lykilhugtökin að baki Opna dagsins eru:

- Öryggi, lýðheilsa og lífsgæði í nærumhverfinu
- Sjálfbærni, umhverfis- og vistvænar lausnir
- Hvatning til virkni félagasamtaka
- Efling nýsköpunar og snjallra lausna.

Við viljum vinna að heildrænni upplýsingaöflun, verkfærakistu fyrir þessa mjúku ferðavenjuaðgerð, eftirfylgni og miðlun á þekkingu. Bíllausi dagurinn verður á ábyrgð sveitarfélaganna sem taka þátt. Verkefnastjórn verður unnin undir stjórn Hjólaþæfni á Íslandi.

### Verkefnastjórn mun sjá um:

- Samstarf við aðila viðburðarins hérlendis og erlendis.
- Sjá um faglega rannsókn á deginum.
- Leggja fram drög að samráði og samvinnu við hagsmunaaðila; íbúa, félagssamtök, atvinnulíf skóla og aðra í nærumhverfinu.
- Hanna framkvæmdaráætlun fyrir sveitarfélögin.
- Kynningar í skýrsluformi, pistlum, fréttagreinum, netmiðlum o.fl.
- Undirbúa framkvæmdaráætlun fyrir næsta ár, byggt á reynslu verklags og niðurstöðum.
- Samantekt haustið 2019 – hvernig tókst til með Bíllausa daginn.

### Sveitarfélögin munu sjá um:

- Framkvæmd samráðs við viðeigandi hagsmunaaðila
- Aðstoða við gagnaöflun
- Ákvarða umfang viðburðar
- Standa undir hlutfalli af sameiginlegum kostnaði
- Tryggja fjármagn til framkvæmdar við Bíllausa daginn

### Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun sjá um:

- Miðla tengingu við aðrar verkefnastjórnir Bíllausa dagsins í Evrópu

Heildarkostnaður er skýrður í viðhengi. 9.405.000 kr. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er tilbúið að styrkja verkefnið um 1.000.000 kr. Þá myndi annar kostnaður skiptast í samræmi við kostnaðurskiptingu hjá SSH þannig; Reykjavík: 4,766,475.50 kr, Kópavogur: 1,359,929.00 kr, Hafnarfjörður: 1,111,981.50 kr, Garðabær: 594,233.50 kr, Mosfellsbær: 399,237.50 kr, og Seltjarnarnes: 173,143.00 kr

Fyrir hönd Hjólaþæfni á Íslandi

Sigrún Birna Sigurðardóttir  
PhD í samgöngu- og umferðarsálfræði  
[sigrun@prsradgjof.is](mailto:sigrun@prsradgjof.is)  
S: 821 0805

Sesselja Traustadóttir  
Framkvæmdastýra Hjólaþæfni á Íslandi  
[hjolafaerni@hjolafaerni.is](mailto:hjolafaerni@hjolafaerni.is)  
S: 864 2776